

- f. Öllum skemmdum, sem kunna að verða á verbúðunum, eða íbúðum, ber leigutaki fulla ábyrgð á og skal hann bæta þær að fullu. Fulltrúi frá hreppsnefnd og hafnarnefnd skal fylgjast með ástandi hússins og ganga eftir að gert sé við skemmdir eða láta gera við skemmdir á kostnað leigutaka.
- g. Leigusamningi skal segja upp með þriggja mánaða fyrirvara sé um ársleigu að ræða. Leigutaki fyrirgerir rétti sínum í til leigu á verbúðunum, ef hann sýnir hirðuleysi og vanrækslu í sambandi við umgengni verbúðanna svo og fyrir ítrekaða vangreiðslu á leigu- og rekstrarkostnaði.
- h. Hafnarnefnd og hreppsnefnd skulu auglýsa verbúðirnar til leigu. Leigusamningar taka gildi, þegar hreppsnefnd hefur samþykkt þá. Leigutaka er óheimilt að framleigja verbúðirnar, nema með samþykki hreppsnefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnassýslu, nr. 236 6. október 1964.

1. gr.

Í skrá yfir sýsluvegi í 2. grein komi til viðbótar:

Stokkseyrarhreppur:

Tóttavegur af Holtsvegi að Tóttum.

Sandvíkurhreppur:

Bjarkarvegur af Eyrarbakkavegi að Björk.

Gnúpverjahreppur:

Stóru-Mástunguvegur af Mástunguvegi hjá Stóru-Mástungu I á Mástunguveg hjá Stóru-Mástungu II.

Biskupstungnahreppur:

Bergsstaðavegur af Bræðratunguvegi að Bergsstöðum.
Götur í Laugarási.

Ölfushreppur:

Barmahlíðarvegur frá Hótel Hveragerði að Reykjakoti með álmu að Gufudal. Sýsluvegir í Selfosshreppi, Eyrarbakkahreppi og Hveragerðishreppi falla niður.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

4. maí 1966.

Nr. 134.

S A M Þ Y K K T

**um breytingu á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu,
nr. 240 28. október 1964.**

1. gr.

2. grein samþykktarinnar orðist þannig:
Sýsluvegir eru:

Bæjarhreppur:

1. Þórisdalsvegur:
Af Austurlandsvegi að Þórisdal.
2. Efrifjarðarvegur:
Af Austurlandsvegi að Efra-Firði.
3. Syðrifjarðarvegur:
Af Austurlandsvegi að Syðra-Firði.

Nesjahreppur:

1. Þinganesvegur:
Af Austurlandsvegi að Þinganesi.
2. Sauðanesvegur:
Af Þinganesvegi að Sauðanesi.
3. Dilksnesvegur:
Af Hafnarvegi að Dilksnesi.
4. Meðalfellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Meðalfelli.
5. Réttarvegur:
Af Meðalfellsvegi að Skilarétt.
6. Fornustekkevur:
Af Austurlandsvegi að Fornustekku.
7. Austurhólsvegur:
Af Austurlandsvegi að Austurhól.
8. Stapavegur:
Af Austurlandsvegi að Stapa.
9. Lindarbakkavegur:
Af Austurlandsvegi að Lindarbakka.
10. Setbergsvegur:
Af Austurlandsvegi að Setbergi.
11. Miðfellsvegur:
Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
12. Svínafellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Svínafelli.